

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 511, 18. desember 1986,
um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum.**

1. gr.

25. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

30. desember 1987

Nr. 608

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 512, 18. desember 1986,
um auglýsingar í útvarpi.**

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

22. desember 1987

Nr. 609

REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á
lyfjakostnaði nr. 246/1982.**

1. gr.

Við 2. gr., 3. tl. bætist nýr stafliður, er hljóðar svo:

„b. Heimilt er að greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri (t.d. Turner's Syndrome), jafnvel þótt þau séu ekki auðkennd sérstaklega í lyfjaverðskrá, sbr. tl. 1 hér að framan.“

2. gr.

4. gr., e-staflíður hljóði svo:
- „e. Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) skulu merkt E,O og lyf í flokki V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt L,E,O í lyfjaverðskrá og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefna af trúnaðarlækni samlags. Sé lyfjaskírteini ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um fyrstu breytingu á reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinnna eitrefna og hættulegra efna nr. 137/1987.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný svohljóðandi málsgrein:

„Heimilt er þó að selja á almennum markaði varning til málningar eða lökkunar eða til fjarlægingar á málningu eða lakki, er inniheldur allt að því 1 l af díklórmetani (metýlendíklóríði), ef í varninginum eru einnig efni, er draga úr uppgufun díklórmetans. Heimild þessi tekur einnig til sölu varnings, sem seldur er í úðabrusum, ef á brúsunum er getið innihaldsefna og rækilegar leiðbeiningar eru um notkun og varnaðarorð.“

2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verður 22. gr. og hljóðar svo:

„Ræsivökvi.

22. gr.

Heimilt er að selja á almennum markaði ræsivökva á vélar í úðabrusum, er innihalda etra (díetýletra), ef brúsarnir rúma mest 200 ml og getið er innihaldsefna, varúðarreglna og leiðbeiningar um notkun eru á íslensku á brúsunum. Önnur efni má ekki nefna ræsivökva og selja á almennum markaði.“

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar verður 23. gr. og 23. gr. verður 24. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um eitrefni og hættuleg efni og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.